

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð Ásgeirs Jónsteinssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ásgeirs Jónsteinssonar. Ásgeir Jónsteinsson fæddist 21. apríl 1992 og lést 15. mars 2004. Hann var sonur Jónsteins Jenssonar og Snæðísar Stefánsdóttur, Haga á Selfossi.

Sjóðurinn er stofnaður af Jóhannesi Jónssyni, kaupmanni í Bónus.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur á Selfossi til náms, og jafnframt rannsóknir á athyglisbresti, ofvirkni og annarri atferlisröskun barna.

### 3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er á Selfossi.

### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000 - ein milljón króna -, sem Jóhannes Jónsson í Bónus lagði fram hinn 21. apríl 2004, en þann dag hefði Ásgeir Jónsteinsson orðið 12 ára.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sr. Gunnar Björnsson, sóknarprestur á Selfossi, kt. 151044-7519, Eyjólfur Sturlaugsson, skólastjóri Vallaskóla á Selfossi, kt. 180564-8029, og Ólafur B. Snorrason, framkvæmdastjóri Ræktunarsambands Flóa og Skeiða, kt. 060948-7049. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Stjórnendur sitja ótímabundið í stjórn. Hverfi menn úr stjórn skulu þeir sem eftir sitja í stjórninni tilnefna nýjan stjórnarmann.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu hans, tekur allar ákvarðanir um rekstur hans og hvernig markmiðum hans verði best náð.

### 6. gr.

Tekna aflar sjóðurinn með sölu minningarkorta, en auk þess eru tekjur hans frjáls framlög, vextir og arður af eignum sjóðsins og annað það, sem sjóðnum kann að áskotnast.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að veita af tekjum hans og óbundinni eign styrki í samræmi við tilgang hans. Stjórnin annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunarreglur. Stjórnarmenn fá ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast. Ekki er heimilt að skerða stofnfé sjóðsins.

### 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda og lagðir fyrir stjórn sjóðsins, sem sendir þá Ríkisendurskoðun í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

## 9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki stofnanda og stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki stofnanda og stjórnarmanna þarf til þess að leggja sjóðinn niður.  
Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júní 2004.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

\_\_\_\_\_  
*Bryndís Helgadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, er taki gildi 1. júlí 2004:

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 753, 17. október 2002, með síðari breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir heitt vatn hækka um 2,6%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 22. júní 2004.*

F. h. r.

**Benedikt Árnason.**

\_\_\_\_\_  
*Guðrún Skúladóttir.*